

Fundur í skólaráði þann 27.10. 2016.

Mættir eru: Hólmfríður María Hauksdóttir fulltrúi foreldra, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Monika Margrét Stefánsdóttir fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Elísabet Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda, Emilía Kolka Ingvarsdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna, Marías B. Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstóri, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri. Að auki eru á þessum fundir fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins: Heimir Jóhannsson, Sigmundur Sigurðsson og Dís Kolbeinsdóttir sem taka þátt í umræðunni um breytta aðkomu að skólanum.

Dagskrá:

- Breytt aðkoma/innkeyrsla að skólanum
- Skápamál
- Önnur mál

1. Breytt aðkoma að skólanum. Ræddar eru hugmyndir að breytingu á innkeyrslu að Síðuskóla en þarna er oft umferðaröngþveiti á morgnanan. Það skapast bæði vegna þess að verið er að keyra nemendur í skólann og svo fara í burtu en síðan er leikskólinn Krógaból með aðkomu úr Arnarsíðunni sem er beint á móti innkeyrslunni í Síðuskóla. Fyrir liggur tillaga þar sem búið er að bæta við gangbraut sunnan við Arnarsíðuna og að aðskilja innkeyrslu og útkeyrslu en þannig skapast aukið rými til að stoppa bíl og hleypa börnum út.

Ef sú tillaga sem fyrir liggur er ekki ásættanleg kemur upp sú hugmynd að setja þarna lítið hringtorg til að greiða úr umferð. Þá þarf samt sem áður að útbúa aðstöðu á bílaplani Síðuskóla til að hleypa krökkum út án þess að umferð teppist. Óskað er eftir að skipulagsdeild komi með tillögu að útfærslu hringtorgs.

Einnig kemur ábending um að að fjölga gangbrautum sunnar í Bugðusíðunni eða bæta við gangstéttum þannig að það séu gangstéttir austan götunnar sem liggja að þeim gangbrautum sem fyrir eru.

2. Skápamál. Á síðasta fundi var rætt um skápa fyrir nemendur á unglingastigi. Fulltrúar nemenda eru búnir að kanna hvernig þessum málum er háttað í öðrum skólum og líst vel á. Tillögur koma að staðsetningu á göngum og milligöngum á B-gangi þar sem unglingarnir hafa aðsetur. Hugsanlega er hægt að kaupa 90 skápa á þessu skólaári og myndu þá elstu nemendur ganga fyrir þegar kemur að skápaúthlutun, ef af verður. Skólaráð samþykkir að skápar verði keyptir. Nemendur þurfa að koma með hugmynd að staðsetningu í samráði við húsvörð og skólastjórnenndur.

3. Önnur mál:

- Lagt er til að sendur verði póstur til foreldra sem minnir á að setja endurskynsmerki á börn enda mjög dimmt þegar þau eru á leið í skólann. Ritari mun gera það.

Fundi slitið klukkan 16:04.